

120. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 10. október 2007 kl. 18.00 á kaffistofu skólans.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra
 2. Nýr fundartími
 3. Önnur mál

Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1.
Allt komið á fulla ferð, nemendur 119 í dag og biðlisti nær uppurinn eftir að kvóti var aukinn. 16 nemendur eru nemendur í FSN.

Stóra lúðrasveitin var í æfingabúðum um síðustu helgi og sú litla fer á Landsmót lúðrasveita um næstu helgi.

Jóhanna fór á vel heppnað ársþing skólastórafélagsins til Danmerkur í lok september.

Tónfundir verða 22. – 31. október.

Víkingasveitin er byrjuð að æfa og munu æfingar verða einu sinni í mánuði tvo daga í röð.

Martin hefur dregið uppsögn sína til baka og að sjálfsögðu samþykkti skólanefnd það.

2.
Stefnt verður að því að halda fundi framvegis á miðvikudögum kl. 18:30 (síðasta miðvikudag í mánuði).

3.
Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 18.45.

Sigurborg Sturludóttir (sign),
Daði Jóhannesson (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).